



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 15. nóvember 2018

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum (stafrænt kynferðisofbeldi). (Þingskjal 15 — 15. mál.)

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum (stafrænt kynferðisofbeldi)

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa fengið að nýju til umsagnar ofangreint frumvarp og þakka fyrir það. Barnaheill vinna að vernd barna gegn ofbeldi, þ.á m. kynferðisofbeldi og hafa frá árinu 2001 rekið ábendingalínu um ólöglegt og óviðeigandi myndefni á neti sem varðar börn á einhvern hátt. Samtökin eru þátttakendur í alþjóðlegu samstarfi ábendingalína um allan heim undir regnhlíf samstökunum Inhope. Inhope vinna gegn útbreiðslu kynferðisofbeldis gegn börnum á neti.

Nokkur breyting hefur verið gerð á frumvarpinu og að einhverju leyti tekið mið af ábendingum fyrri umsagnar Barnaheilla. Samtökin þakka fyrir það. En eins og kom fram í umsögn þeirri, sem gerð var vegna frumvarps sama efnis sem lagt var fram síðastliðið vor, gildir ákvæði 210. gr. a. hegningarlaga nú þegar um stafrænt kynferðisofbeldi gegn börnum. Var það tekið upp í almenn hegningarlög við fullgildingu Lanzarote samningsins um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun.

Fyrri málslíður 1. mgr. þess hljóðar svo:

Hver sem framleiðir, flytur inn, aflar sér eða öðrum eða hefur í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum ef brot er stórfellt.

Að mati Barnaheilla er mikilvægt að höfð sé hliðsjón af þessu ákvæði þegar sett er regla sem lögfestir refsingu við öðru stafrænu kynferðisofbeldi en gagnvart börnum.

Í hinu nýja frumvarpi er nú gert ráð fyrir refsipýngingarástæðu ef þolandi er barn yngra en 18 ára. Að mati Barnaheilla er mikilvægt að skýra það í greinargerð hvernig ákvæði 196. gr., ef frumvarpið verður að lögum, á að spila saman við ákvæði 210. gr. a í framkvæmd.

Í hinu nýja frumvarpi er gert ráð fyrir því í 4. mgr. að ekki verði refsað ef tilgangur og markmið verknaðar er réttlæt看legt með hliðsjón af aðstæðum hverju sinni. Þessi undanþága frá refsinefni er tekin upp eftir fyrirmynd úr sænsku lögunum. Er þetta breyting frá fyrra frumvarpi sem er af hinu góða. Hins vegar er að mati Barnaheilla ástæða til að fjalla sérstaklega um það í greinargerð hvaða aðstæður geta talist réttlæt看legar. Sem dæmi má nefna eftirfarandi: Þegar rætt er um framleiðslu myndefnis sem sýnir börn á kynferðislegan hátt þarf að skilja á milli efnis sem framleitt er af einstaklingi af sjálfum sér og þess þegar einhver tekur myndir af eða gerir myndbönd af einstaklingi sem ekki hefur veitt samþykki sitt fyrir því. Að mati Barnaheilla er það hluti af sjálfsákvörðunarrétti einstaklinga hvort þeir velji að taka myndir af sjálfum sér, hvort sem um er að ræða

nektarmyndir eða aðrar, til þess að eiga eða deila með öðrum með því að sýna þær eða senda þær rafrænt. Þó þarf að hafa í huga rétt barna til verndar gegn sjálfskaðandi hegðun eða ofbeldi sem þau kunna að verða fyrir við dreifingu myndefnis sem þau hafa sjálf framleitt eða búið til. Réttur til verndar togast þó á við rétt barna til að mynda sér og hafa skoðanir og tjá þær, og taka ákvarðanir um eigið líf sem og að taka aukna ábyrgð á eigin ákvörðunum eftir því sem aldur og þroski leyfir.

Börn njóta kynfrelsis lagalega við 15 ára aldur og því má segja að við það aldursmark eigi þau jafnframt að njóta meira frelsis en yngri börn við að taka ákvarðanir um eigin kynferðislega hegðun og þátttöku, svo lengi sem þau skaða ekki aðra. Óumdeilt er að kynferðislegar myndir eru í nútímasamfélagi teknar og þeim deilt sem hluti af kynferðislegum samskiptum einstaklinga sín á milli. Það er veruleiki sem við breytum ekki að mati Barnaheilla og því mikilvægt að lög séu skýr um það skilyrði refsheimildar að brotið hafi verið gegn kynfrelsi eða sjálfsákvörðunarrétti einstaklinga. Dreifing slíks myndefnis án skýrs samþykkis þess sem á mynd birtist á að vera refsiverð, vegna þess að hún brýtur freklega gegn rétti einstaklingsins til að taka ákvarðanir um birtingu mjög persónulegra upplýsinga. Að mati Barnaheilla þarf því að gera ráð fyrir undantekningu frá refsíákvæði 210. gr. a. þegar um er að ræða myndefni sem tekið hefur verið af einstaklingi á aldrinum 15-18 ára, af eigin líkama sem hluta af kynferðislegum samskiptum hans við jafningja. Ekki á að vera hægt að ákæra og refsa börnum fyrir slíka háttsemi, en eins og núverandi ákvæði er orðað má gera ráð fyrir að það sé hægt. Hins vegar, með tilkomu 5. mgr. frumvarps þess sem hér er til umsagnar, má ætla að sú undanþága sé fram komin en þá er mikilvægt að umfjöllun um það komi fram í greinargerð með frumvarpinu og að skýr tenging sé tilgreind við 210. gr. a hgl., að þessi undanþága eigi við um það ákvæði.

Með öðrum orðum, þegar um er að ræða myndefni sem sýnir börn eldri en 15 ára eða aðra einstaklinga á kynferðislegan hátt er mikilvægt að undanskilja þá einstaklinga refsingu sem hafa tekið slíka mynd af sjálfum sér, mótttekið kynferðislegt myndefni frá jafningja sem hluta af frjálsum kynferðislegum samskiptum þeirra með samþykki beggja og fyrir að skoða eða hafa í vörslu sinni slíkt efni. Það ætti hins vegar að vera óumdeilanlega refsivert að deila áfram slíku myndefni án samþykkis þess sem á myndefninu birtist.

Ef ákvæði 210. gr. a hgl. verður látið standa óbreytt með tilkomu hins nýja ákvæðis er í raun orðin til tvöföld regla um stafrænt ofbeldi gegn börnum sem ekki er víst að auðvelt sé að skilja. Tilgangur 210. gr. a hgl. er vitaskuld sá að vernda börn frá því að aðrir framleiði myndefni af þeim í þeim tilgangi að beita þau kynferðisofbeldi og til að dreifa myndefninu á internetinu. Mikilvægt er að hrófla ekki við þeirri reglu ákvæðisins.



Að mati Barnaheilla er mikilvægt að gera breytingar á ákvæði 210. gr. a. hgl. samhliða þeirri breytingu á hgl. sem lagt er til að gerði verði í frumvarpi því sem hér er til umsagnar, hvað varðar refsþyngd t.a.m., en jafnframt þarf að taka afstöðu til þess hvort yfir höfuð sé þörf á að hafa bæði ákvæðin í lögum. Ef ákveðið verður að endurskoða ákvæði 210. gr. a hgl. er afar mikilvægt að fara vel í saumana á því að refsivernd barna verði ekki lakari eftir breytingu. Hvað sem öllu líður er mikilvægt að fjalla um samhengi ákvæðanna og samspil þeirra í greinargerð með frumvarpi því sem hér er til umsagnar.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi vinna að bættem mannréttindum barna og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi.